



Lúxemborg, 16. október 2025

FRÉTTATILKYNNING 10/2025

Dómur í máli E-1/25 Valair AG gegn *Amt für Volkswirtschaft*

REGLUGERÐ (EB) NR. 1008/2008 INNIHELDUR TÆMANDI SKILYRÐI FYRIR VEITINGU STARFSLEYFIS

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá áfrýjunarnefnd í stjórnáðildalegum málefnum (*Beschwerdekommision für Verwaltungsangelegenheiten*) (áfrýjunarnefnd) um túlkun á reglugerð (ESB) 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur og flugþjónustu innan EES-svæðisins („reglugerðin“).

Málið sem er til meðferðar hjá áfrýjunarnefndinni varðar túlkun og eðli samræmingar 4. gr. reglugerðarinnar, þar sem kveðið er á um skilyrði fyrir veitingu flugrekstrarleyfis. Aðalatriðið í þessu máli var hvort EES-ríki gæti neitað að veita slíkt leyfi á þeirri forsendu að viðeigandi innviði, s.s. flugvöll, skorti á yfirráðasvæði þess.

Áfrýjunarnefndin spurði hvort 4. gr. reglugerðarinnar mælti fyrir um hámarkssamræmingu þegar kæmi að skilyrðum fyrir veitingu flugrekstrarleyfis. EFTA-dómstóllinn benti á að með því að vísa til viðeigandi ákvæða viðkomandi reglugerðar megi svara því hvort þau banni, skyldi eða heimili EES-ríkjum að samþykkja ákveðnar ráðstafanir til viðbótar við þá reglugerð. EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að reglugerðin fæli í sér hámarkssamræmingu á lögum aðildarríkjanna um útgáfu flugrekstrarleyfa. Af því leiðir að EES-ríkjunum er ekki heimilt að setja frekari skilyrði fyrir veitingu flugrekstrarleyfis en fram kemur í 4. gr. reglugerðarinnar.

Í dómi sínum komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að túlka bæri 4. gr. reglugerðarinnar svo að hún fæli í sér hámarkssamræmingu og setti því fram tæmandi lista yfir skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis og að lögbæru stjórnvaldi væri því ekki heimilt að setja frekari reglur eða skilyrði á því sviði sem viðkomandi grein tæki til.

Ráðgefandi álitid er skref í málsmeðferðinni sem fram fer í Liechtenstein. Áfrýjunarnefndin mun nú hefja málsmeðferð sína á ný og úrskurða í málinu í ljósi dóms EFTA-dómstólsins.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: <https://eftacourt.int/cases/e-01-25/>

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.